

Ársreikningur Stykkishólmsbæjar 2007.

Í dag 21. apríl 2008 var ársreikningur Stykkishólmsbæjar 2007 tekinn til fyrri umræðu. Eins og sveitarstjórnarlög kveða á um, skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn. Seinni umræða verður 28. maí n.k.

Í reglugerð nr. 944/2000, um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga, sem tók gildi 1. janúar 2001, eru ákvæði um reikningsskil sveitarfélaga. Þar er gert ráð fyrir að sveitarfélög hagi bókhaldi sínu og reikningsskilum í samræmi við ákvæði laga um bókhald nr. 145/1994 og ársreikninga nr. 144/1994 að svo miklu leyti sem sveitarstjórnarlög mæla ekki fyrir á annan veg eða reglugerðir settar á grundvelli þeirra. Ársreikningar sveitarfélaga skulu byggðir á almennum reikningsskilaaðferðum.

Ársreikningur Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2007 byggir á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður í samræmi við framangreind lög og reglur.

Helstu lykiltölur:

Rekstrartekjur ársins 2007 í þús. k.r.	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Rekstrartekjur	627.827	577.357	687.102	594.505
Rekstrargjöld án afskriftum	542.935	532.099	561.015	595.475
Rekstrarniðurstaða án fjármagns liða	84.892	45.258	126.089	59.793
Afskriftir	-33.457	-26.850	-48.714	-41.950
Fjármagnsliðir	-30.256	2.899	-74.732	-31.391
Rekstrarniðurstaða	21.179	21.307	2.643	-13.548
Efnahagur samstæðu pr. 31.12.2007 í þús. k.r.	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Fyrri ár	Ársreikningur	Fyrri ár
Eignir				
Fastafjármunir	1.448.020	1.231.462	1.526.890	1.347.366
Veltufjármunir	236.921	157.673	180.262	112.146
Eignir samtals	1.684.942	1.389.135	1.707.152	1.459.512
Skuldir og eigið fé				
Eigið fé	740.329	582.914	558.848	418.651
Skuldbindingar	191.014	155.813	191.014	155.813
Langtímaskuldir	602.614	538.519	801.954	755.145
Skammtímaskuldir	150.984	111.889	155.335	129.903
Skuldir og eigið fé samtals	1.684.941	1.389.135	1.707.152	1.459.512

Sjóðsstreymi ársins	Sveitarsjóður		Samantekið	
2007 í þús. kr.	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Rekstrarniðurstaða	21.179	21.307	2.643	-13.548
Veltufé frá rekstri	96.750	60.182	101.632	60.427
Handbært fé frá rekstri	63.787	55.182	53.253	83.093
Fjárfestingarhreyfingar	-126.150	-111.100	-98.715	--131.600
Fjármögnunarhreyfingar	97.550	60.000	80.650	40.000
Hækkun á handbæru fé	35.187	4.082	35.187	-8.507

Í hlutfalli við rekstrartekjur	Sveitarsjóður		Samantekið	
	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Skatttekjur	54,50%	57,82%	49,79%	57,67%
Framlög jöfnunarsjóði	30,47%	21,17%	27,85%	20,56%
Aðrar tekjur	15,03%	21,01%	22,36%	23,29%
Samtals	100,00%	100,00%	100,00%	101,52%
Laun og launatengd gjöld	56,25%	53,33%	52,36%	53,05%
Lífeyrisskuldbinding, breyting	3,96%	0,35%	3,62%	0,00%
Annar rekstrarkostnaður	26,27%	38,48%	25,67%	36,55%
Afskriftir	5,33%	4,65%	7,09%	7,06%
Fjármagnsliðir, nettó	4,82%	-0,50%	10,88%	5,28%
Gjöld samtals	96,63%	96,31%	99,62%	101,94%
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	3,37%	3,69%	0,38%	-0,42%

Í krónum á íbúa	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Rekstur				
Rekstrartekjur samtals	569.716	523.917	623.505	539.478
Rekstrargjöld og fjármagnliðir	550.497	504.583	621.108	551.771
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	19.219	19.335	2.398	-11.629

Í krónum á íbúa	Ársreikningur	Ársreikningur	Ársreikningur	Ársreikningur
Efnahagur	2007	2006	2005	2004
Eignir	1.528.985	1.208.995	1.158.186	1.873.880
Eigið fé	671.805	507.323	430.650	820.078
Skuldir og skuldbindingar	845.169	723.505	727.536	1.053.802

Aðrar lykiltölur	2007	2006	2005	2004
Veltufjárhlutfall	1,57	1,41	1,04	1,13
Eiginfjárhlutfjall	43,94%	41,96%	37,18%	43,76%
Íbúatala 1.desember	1102	1149	1165	1137

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 687,1 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A- bæjarsjóð og B- hluta stofnanir og fyrirtæki, en þar af námu rekstrartekjur bæjarsjóðs 627,8 millj. kr.

Rekstrargjöld námu 684,5 millj. Þar af námu rekstrargjöld bæjarsjóðs 606,6 millj. að meðtöldum hækkunum vegna lífeyrisskuldbindinga starfsfólks að upphæð 24,8 m.kr. Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs var jákvæð um 21,2 millj. samkvæmt ársreikningi en jákvæð um 2,6 millj. kr. í samanteknum ársreikningi A og B hluta. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2007 nam, eftir að lífeyrisskuldbindingar höfðu verið dregnar frá, 558,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé bæjarsjóðs 740,3 millj. kr.

Rekstrarafkoma bæjarsjóðs Stykkishólmbæjar er jákvæð um 21,2 millj. kr. Meginástæða eru fyrir þessu er:

- Auknar greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem námu um 69,1 milljónum meira en áætlun gerði ráð fyrir, en á móti kom hærri launagreiðslur m.a. vegna aukinnar þjónustu í Leikskólanum og Grunnskólanum, auk hækkun lífeyrisskuldbindinga starfsfólks um 24,8 milljónir kr. Lífeyrisskuldbindingar Stykkishólmsbæjar eru 177,8 milljónir samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings.

Rekstrarafkoma samantekins ársreiknings A og B hluta er jákvæð um 2,6 millj. kr. Meginátæður eru fyrir þessu eru:

- Hagnaður af Fasteignum Stykkishólms (FSH ehf) upp á 12,6 milljónir króna að stærstum hluta vegna eignasölu.
- Hallarekstur hafnarsjóðs var 6,8 millj.kr. og stafar af minni umsvifum á höfn m.a. vegna algjors stopp á hörpuskelveiðum sem staðið hefur yfir frá 2002.
- Hallarekstur Fráveitu er 16,9 millj.kr. og skýrir aukin fjármagnskostnaður vegna aukinnar verðbólgu þennan halla að mestu leiti.

Það sem er jákvætt við rekstur bæjarsjóðs er að handbært fé frá rekstri er 96,8 millj.kr., ef ekki yrði farið í fjárfestingar og engin ný lán tekin, þá tæki það ekki nema 9,4 ár að greiða upp allar skuldir bæjarsjóðs Stykkishólmsbæjar.

Fjárfestingar voru 126,2 milljónir króna og vegur fjárfesting í gatnagerð, frágang á miðbæ og frágangur á lokaverkum á nýjum glæsilegur leikskóla þyngst. Auk þess voru fjárfest í íþróttamannvirkjum og lausamunum.

Álagningarhlutfall útsvars var 13,03%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts var 0,43% á íbúðarhúsnæði.

Álagningarhlutfall á aðrar fasteignir var 1,65%. Ársreikningurinn í heild sinni verður birtur á heimasíðu Stykkishólmbæjar.

Nánari upplýsingar veitir: Þór Örn Jónsson, bæjarritari, í síma 433-8100